

Athugasemdir Sörla við nýtt skipulag

Fyrir hönd reiðveganefndar - og stjórn Sörla í Hafnarfirði, viljum við koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR, 2013-2025 ,sem nú er í kynningu.

1. Ekki er teiknuð reiðleið frá Klifsholti í átt að Kaldárseli og þaðan áfram eftir stíg sem liggur að Undirhlíðum. Við hestamenn gerum okkur grein fyrir að við munum deila þessari leið með gögnufólki og er það vel ásættanlegt. Viljum við endilega að þessi leið komist inn á skipulagið, enda mun vegurinn um Undirhlíðar ekki nýtast ef þessi leið er ekki fær.

Þess vegna má hugsa sér að göngustígur og reiðstígur séu teiknaðir samhliða hvor öðrum. Læt fylgja með kort sem teiknað hefur verið inná með svörtu, þá leið sem við erum að biðja um.

Önnur aðkoma að Undirhlíðum teljum við afar slæman kost.

2. Þar sem reiðleiðin við Kleifarvatn endar á umráðasvæði Hafnarfjarðar, þá mætir hún ekki reiðleiðinni sem þegar er teiknuð og skipulögð frá Grindavík. Þetta þarf að laga til að þessar reiðleiðir mætist.

3. Við vitum að athugasemd mun berast frá sameiginlegri reiðveganefnd Kjalarnes hins forna. M.a. um reiðleið frá Hafnarfirði í Voga á Vatnsleysuströnd. Sörli er aðili að þessari reiðveganefnd og tekur undir athugasemdir þeirra.

F.h. Stjórnar Hestamanafélagsins Sörla og reiðveganefndar Sörla.

31.03.2014

Haraldur Guðfinnsson.

Lónsbraut 2

220 Hafnarfjörður.